

Mennta- og barnamálaráðuneytið  
Samráðsgátt, mál nr. S-89/2024

Reykjavík, 18. apríl 2024

**Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um endurskoðun greinasviða aðalnámskrár grunnskóla, mál nr. S-89/2024**

Landssamtök lífeyrissjóða (LL) koma hér með á framfæri álitinu sínu að fjármálafræðsla skuli vera sjálfstæð námsgrein í aðalnámskrá grunnskólans og að nemendur allir sitji þar með við sama borð gagnvart fræðslu sem búi þá betur undir daglegt líf en margt annað ólastað sem þeim er gert að læra.

Fjármálalæsi er vissulega á dagskrá víða í skólum en þá gjarnan þannig að fyrirkomulag fræðslunnar sé undir skólastjórnendum og jafnvel tilteknum kennurum komið á hverjum stað, oft tengt stærðfræði eða samfélagsfræði eða sem valfag í 9. og 10. bekk. Slíkt er ófullnægjandi.

Þetta sjónarmið er byggt á reynslu LL einkum eftir að samtökin hófu aðkomu að fræðsluvettvangnum *Fjármálaviti* sem Samtök fjármálafyrirtækja stofnuðu á sínum tíma til að stuðla að kennslu um fjármál í víðu samhengi í skólakerfinu og styðja kennara í starfi sínu með námsefni og kennslugögnum.

Fulltrúar LL taka virkan þátt í starfsemi *Fjármálavits* og skynja mikinn áhuga grunnskólanema á fræðsluefni um hvers kyns fjármálastarfsemi, líkt og staðfest var í viðhorfskönnun Maskínu þar sem níu af hverjum tíu svarendum í úrtaki 18 til 30 ára kváðust hafa kosið að læra meira um fjármál í grunnskóla.

Eðlilega stendur það LL næst að kynna ungu fólki lífeyrissjóðakerfið, möguleika þess og kosti, enda stendur það frammi fyrir því strax við upphaf ferils síns á vinnumarkaði að velja um mismunandi leiðir varðandi lífeyrismál og ævisparnað til síðari hluta æviskeiðsins. Þá koma fasteignaviðskipti og lánamál þeim tengdum jafnan snemma við sögu.


Kröfum um val og upplýstar ákvarðanir fjölgar sem oftast en ekki varða stærstu og afdrifaríkustu viðfangsefni sem tengjast fjármálum og afkomu fólks á ævinni. Liggur því beint við að ætla að einmitt í grunnskólakerfinu eigi heima að kenna fjármálalæsi með samræmdum, markvissum og skipulegum hætti á grundvelli aðalnámskrár.

Ungmenni eru opin fyrir því að afla sér þekkingar um ýmislegt í umhverfi sínu sem sjálfsagt kann að þykja að þau kynni sér smám saman á eigin vegum og læri af reynslunni – reynslu sem vel að merkja getur verið dýrkeypt. Við nefnum það að meta verðgildi hluta, kostnað við rekstur heimilis, bíls eða farsíma, fatakaup, verðmyndun og gylliboð/áreiti í auglýsingum og yfirleitt í umhverfinu. Íbúðalán, lífeyrissjóðir, verðtrygging, verðbólga, gengi, greiðslukort og svo framvegis.

Af nógu er að taka og þarf ekki að fjölyrða frekar um ástæður þess að LL leggja ríka áherslu á að fjármálalæsi fái fastan og traustan sess í aðalnámskrá grunnskólakerfisins.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða



Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri